

Landssamtök lífeyrissjóða

Ársreikningur 2022

Landssamtök lífeyrissjóða
Guðrúnartúni 1
105 Reykjavík

Kt. 450199-2069

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra	3
Áritun óháðs endurskoðanda	4
Rekstrarreikningur	6
Efnahagsreikningur	7
Sjóðstreymisyfirlit	8
Skýringar	9

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra


Landssamtök lífeyrissjóða voru stofnuð 18. desember 1998. Í árslok 2022 voru aðildarsjóðir 21. Landssamtökum lífeyrissjóða er ætlað að vera málsvari lífeyrissjóða og gæta hagsmuna sjóðfélaga þeirra.

Ársreikningur Landssamtaka lífeyrissjóða fyrir árið 2022 er gerður með sambærilegum hætti og ársreikningur félagsins árið á undan. Samkvæmt rekstrarreikningi námu rekstrartekjur 143,8 millj. kr. og tap af rekstrinum var 1,5 millj. kr. Eigið fé í árslok nam 77,0 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi, en eigið fé í ársbyrjun var 78,6 millj. kr. Vísað er til ársreikningsins varðandi ráðstöfun hagnaðar og aðrar breytingar á eiginfjárreikningum.

Stjórn Landssamtaka lífeyrissjóða og framkvæmdastjóri staðfesta hér með ársreikning þeirra fyrir árið 2022 með undirritun sinni.

Reykjavík, 21. mars 2023

Stjórn Landssamtaka lífeyrissjóða:



Handwritten signatures of the board members of Landssamtök lífeyrissjóða. The signatures are in cursive and include the names: Hilmar Ólafsson, Ólafur Jónsson, Arnaldur Elmarsson, Gunnar Jónsson, and others.

Framkvæmdastjóri:



Handwritten signature of the Chief Executive Officer, Þorsteinn Þorsteinsson.

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og aðildarsjóða Landssamtaka lífeyrissjóða

Áritun um endurskoðun ársreikningsins

Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning Landssamtaka lífeyrissjóða („félagið“) fyrir árið 2022. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisýfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2022, fjárhagsstöðu þess 31. desember 2022 og breytingu á handbæru fé á árinu 2022, í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum *Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins* í árituninni. Við erum óháð félaginu í samræmi við gildandi siðareglur fyrir endurskoðendur. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórn og framkvæmdastjóra að leggja mat á rekstarhæfi félagsins og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi, nema þau ætli annað hvort að leysa félagið upp eða hætta starfsemi þess, eða hafa engan annan raunhæfan kost en að gera það.

Stjórn og framkvæmdastjóri skulu hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhjá innra eftirliti.
- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum við hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.

Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

- Ályktum við um hvort notkun stjórnar og framkvæmdastjóra á forsendu reikningsskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um rekstrarhæfi félagsins. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni gert félagið órekstrarhæft.
- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp kunna að koma í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega anmarka á innra eftirliti.

Staðfesting vegna annarra ákvæða laga

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir þessum ársreikningi eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Reykjavík, 21. mars 2023

KPMG ehf.

Ótana Hilmarsson

Rekstrarreikningur ársins 2022

	Skýr.	2022	2021
Rekstrartekjur			
Árgjöld	1b	140.000.000	130.000.000
Aðrar tekjur	5.	3.788.959	0
		<u>143.788.959</u>	<u>130.000.000</u>
Rekstrargjöld			
Laun og launatengd gjöld	2	101.034.379	95.811.017
Annar rekstrarkostnaður	3	47.190.214	52.593.343
Afskriftir	4	760.057	345.480
		<u>148.984.650</u>	<u>148.749.840</u>
Rekstrartap		(5.195.691)	(18.749.840)
Vaxtatekjur		3.644.608	590.275
Vaxtagjöld		(1.741)	(5.642)
Gengismunur		5.400	0
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld samtals		<u>3.648.267</u>	<u>584.633</u>
Tap ársins	6	<u>(1.547.424)</u>	<u>(18.165.207)</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2022

	Skýr.	2022	2021
Eignir			
Rekstrarfjármunir	4	3.040.228	3.800.285
Eignarhlutur í félagi	5	0	672.208
Fastafjármunir samtals		<u>3.040.228</u>	<u>4.472.493</u>
Handbært fé		88.686.921	92.442.809
Veltufjármunir samtals		<u>88.686.921</u>	<u>92.442.809</u>
Eignir samtals		<u>91.727.149</u>	<u>96.915.302</u>
Eigið fé	6	<u>76.998.718</u>	<u>78.546.142</u>
Skuldir			
Ýmsar skammtímaskuldir		14.728.431	18.369.160
Skammtímaskuldir samtals		<u>14.728.431</u>	<u>18.369.160</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>91.727.149</u>	<u>96.915.302</u>

Sjóðstreymisyfirlit árið 2022

	Skýr.	2022	2021
Rekstrarhreyfingar			
Tap ársins	6. (1.547.424)	(18.165.207)
Afskriftir		760.057	345.480
Arður vegna slita á Eignarhaldsfélagi lífeyrissjóða hf.	5. (3.788.959)	0
Veltufé til rekstrar	(<u>4.576.326)</u>	<u>(17.819.727)</u>
Breytingar rekstartengdra eigna og skulda:			
Skammtímaskuldir, (lækkun) hækkun	(3.640.729)	3.014.302
Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum	(<u>3.640.729)</u>	<u>3.014.302</u>
Handbært fé til rekstrar	(<u>8.217.055)</u>	<u>(14.805.425)</u>
Fjárfestingarhreyfingar			
Keyptir rekstrarfjármunir		0	(4.145.765)
Slit á Eignarhaldsfélagið lífeyrissjóða hf.	5.	4.461.167	0
Fjárfestingarhreyfingar		<u>4.461.167</u>	<u>(4.145.765)</u>
Lækkun á handbæru fé	(3.755.888)	(18.951.190)
Handbært fé í ársbyrjun		<u>92.442.809</u>	<u>111.393.999</u>
Handbært fé í árslok		<u><u>88.686.921</u></u>	<u><u>92.442.809</u></u>

Skýringar

Reikningsskilaaðferðir

1. Grundvöllur reikningsskilanna

a. Ársreikningur Landssamtaka lífeyrissjóða er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðs-reikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum.

b. Innlausn tekna

Árgjöld aðildarsjóðanna á árinu 2022 taka mið af heildareignum sjóðanna í samtryggingu og séreign samkvæmt ársreikningum þeirra fyrir árið 2020. Fast lágmarksgjald á hvern aðildarsjóð nam 350 þús. kr.

c. Rekstrarfjármunir

Rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur hundraðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna, þar til niðurlagsverði er náð.

d. Eignarhlutir í félögum

Eignarhlutir í félögum eru eignfærðir á kostnaðarverði.

e. Handbært fé

Handbært fé samanstendur af óbundnum bankainnstæðum og innstæðum sem bundnar eru til skemmri tíma en þriggja mánaða.

2. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

	2022	2021
Laun stjórnar og varastjórnar	13.932.000	13.244.450
Laun formanna fastanefnda	6.066.000	5.552.500
Laun og hlunnindi starfsmanna	60.829.502	58.393.480
Laun samtals	80.827.502	77.190.430
Launatengd gjöld	20.206.877	18.620.587
Laun og launatengd gjöld samtals	101.034.379	95.811.017

Meðalfjöldi starfsmanna á árinu umreiknaður í heilsársstörf

3,0

3,2

Laun og hlunnindi framkvæmdastjóra, stjórnarmanna og formanna fastanefnda greinist þannig:

Þórey S. Þórðardóttir, framkvæmdastjóri	33.938.512	31.606.296
Hilmar Harðarson, formaður stjórnar og samskiptanefndar	3.439.500	2.656.000
Gylfi Jónasson, varaformaður	1.941.750	1.810.500
Arnaldur Loftsson	1.294.500	1.207.000
Erla Jónsdóttir	1.294.500	1.526.200
Halldóra Káradóttir	1.294.500	1.207.000
Harpa Jónsdóttir	1.294.500	1.207.000
Ingibjörg Ólafsdóttir	1.294.500	1.207.000
Jón Ólafur Halldórsson	1.294.500	207.000
Valmundur Valmundsson	1.294.500	1.207.000
Hulda Rós Rúriksdóttir	162.750	48.250
Erla Ósk Ásgeirsdóttir	107.250	100.000
Sigurbjörn Sigurbjörnsson	107.250	103.500
Jóna Finndís Jónsdóttir, formaður réttindanefndar	1.294.500	724.500
Ólafur Sigurðsson, formaður nefndar um fjárfestingarumhverfi lífeyrissjóða	1.294.500	1.207.000
Rebekka Ólafsdóttir, formaður áhættunefndar	1.294.500	0
Snædís Ögn Flosadóttir, formaður fræðslunefndar	1.294.500	1.207.000
Guðrún Hafsteinsdóttir, fyrrv. formaður stjórnar og samskiptanefndar	0	1.965.000
Agni Ásgeirsson, formaður áhættunefndar	0	1.207.000

Skýringar, frh.:

3. Annar rekstrarkostnaður

Annar rekstrarkostnaður greinist þannig:	2022	2021
Kynningamál, almannatengsl og auglýsingakostnaður	11.704.599	12.016.858
Húsaleiga	4.714.933	4.626.546
Annar húsnæðiskostnaður	492.105	643.628
Kostnaður vegna flutninga	0	10.546.551
Pappír, prentun, ritföng	778.218	551.983
Símakostnaður og burðargjöld	816.183	532.335
Bækur, blöð, tímarit og fjölmiðlavakt	1.413.725	1.315.417
Aðkeypt þjónusta frá Greiðslustofu lífeyrissjóða	1.800.000	1.873.287
Aðkeypt þjónusta endurskoðenda, bókhald og launavinnsla	3.051.429	2.290.838
Aðkeypt þjónusta annarra sérfræðinga	9.027.551	7.784.765
Ferðakostnaður	1.738.982	640.918
Fundir, ráðstefnur, risna, styrkir og námskeið	6.286.494	6.694.675
Félagsgjöld	2.123.100	2.148.338
Viðhald og gjaldfærð áhöld og tæki	958.926	487.796
Starfsmannakostnaður	1.158.546	1.239.260
Annar kostnaður	1.125.423	1.825.148
Annar rekstrarkostnaður samtals	<u>47.190.214</u>	<u>52.593.343</u>

4. Rekstrarfjármunir

Rekstrarfjármunir greinast þannig:	Áhöld og tæki
Stofnverð 1.1.2022	4.145.765
Stofnverð 31.12.2022	<u>4.145.765</u>
Afskrifað 1.1.2022	345.480
Afskrifað á árinu	760.057
Afskrifað 31.12.2022	<u>1.105.537</u>
Bókfært verð 31.12.2022	<u>3.040.228</u>
Afskriftahlutföll	20%

5. Áhættufjármunir

Félagið átti 7,5% eignarhlut í Eignarhaldsfélagi lífeyrissjóða hf. en félaginu var slitið á árinu 2022.

6. Eigið fé

Yfirlit um eiginfjárreikninga:

	Stofnfé	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Eigið fé 1.1.2022	24.416.897	54.129.245	78.546.142
Tap ársins		(1.547.424)	(1.547.424)
Eigið fé 31.12.2021	<u>24.416.897</u>	<u>52.581.821</u>	<u>76.998.718</u>

7. Leigusamningur

Félagið er leigutaki að húsnæði. Leigusamningurinn flokkast sem rekstrarleigusamningur og er því ekki færður í efnahagsreikning. Núgildandi leigusamningur er ótímabundinn með tólf mánaða uppsagnarfresti og breytast leigugreiðslur mánaðarlega í samræmi við breytingar á vísitölu neysluverðs. Rekstrarleigusgjöld námu 4,7 millj. kr. á árinu 2022 (2021: 4,4 millj. kr.) og eru færð í rekstrarreikning á meðal rekstrarkostnaðar.